

Marsmánuður tileinkaður hönnun

HönnunarMars fór fram í fimmta skiptið dagana 14.-17. mars og voru íslenskir hönnuðir og arkitektar aðalþátttakendur í dagskrá hátíðarinnar. Ótal viðburðir, innsetningar, sýningar einstaklinga og samsýningar hönnuða fóru fram í Reykjavík þessa löngu hönnunarhelgi þar sem upplifun fyrir jafnt unga sem aldna fékk notið sín.

Hér komu helstu hönnuðir þjóðarinnar saman og einnig nýtskrifaðir hönnuðir sem fengu tækifæri til að auka þekkingu sína

og reynslu, meðal annars með því að sækja í viskubrunn erlendra hönnuða. Kaupstefnumótið DesignMatch var haldið í Norræna húsinu, þar sem íslenskum hönnuðum gafst tækifæri til að hitta norræna kaupendur. Eitt af markmiðunum með HönnunarMarsinum er að kynna íslenska hönnun sem atvinnugrein og það virðist vera að takast farsælega. Þetta er orðinn fastur punktur í hátíðardagskrám höfuðborgarinnar sem fer vaxandi með hverju árinu og vekur athygli fyrir utan landsteinana. *lehg*



Högni Stefán Þorgeirsson hjá Arctic Plank sýndi sófa, stóla og borð á Kex Hostel. Sem fyrr voru þeir innblásnir af endurnýtingu á timbri og öðrum efnum. Gamall vörubrettaviður, pollagallaefni, fiskileður og hreindýraskinn voru meðal hráefna sem fengu að njóta sín í nýjum húsgögnum.



Viðfangsefni hönnuða hjá Kirsuberjatrénu var leikur með speglun og spegla. Speglar eru töfragripir sem geta margfaldað sýnina eða leitt í ljós það sem annars er hulið. Þeir geta vikkað og stækkað sviðið út í hið óendanlega og sýnt hluti frá mörgum sjónarhornum. Speglar fá manneskjuna til að horfast í augu við sjálfa sig.



Fuglinn, tákn frelsis, galdur náttúrunnar, kría, krummi, álftr og þröstur færa bókakaffinu í Kvosinni töfra sína. Margrét Guðnadóttir hönnuður hefur skorið fuglana í tré og um leið leitast við að fanga feður, form og vitsmunatöfra þeirra.



Erling Jóhannesson sýndi silfurskartgripni í Skúrnum, menningarhúsinu á Melunum. Skartgripirnir eru finleg stef við beinagarða úr fiski. Á sýningunni mættust andstæður í hugmyndum, annars vegar um fagurfræði skartgripa og hins vegar hugmyndir umhverfis og samfélags.



Fiskbeinamódel Róshildar Jónsdóttur er gott dæmi um það hvernig móta má gamlar hefðir inn í nútímann og framtíðina. Staðbundið hráefni nýtir hún á ferskan hátt sem höfðar til alþjóðamarkaðar. Verkefnið er unnið í samstarfi við vísindamenn og framleiðslufyrirtæki í fiskiðnaði. Hér er á ferðinni skapandi umbreyting eins og hún gerist best.

Hópurinn Vík Þrjónsdóttir kynnti með stolti nýtt „remix“ af Selshamnum í samstarfi við bresk-japanska hönnunarteymið Eley Kishimoto. Einnig voru frumsýndir nýir treflar og teppi og hélt hópurinn opinn málfund á HönnunarMars þar sem fjallað var um íslensku ullina, iðnaðinn og framtíðina.